

324. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 8. APRÍL 2021 KL 8:30

FRAM HALDIÐ FÖSTUDAGINN 9. APRÍL 2021, KL. 8.30

haldinn í gegnum fjarfundabúnað (*Zoom*)

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Yfirferð á stöðu fjármála
 - b) Erindi PÍ til kirkjuráðs og forseta kirkjuþings
 - c) Kynning fulltrúa KPMG
 - d) Kynning umhverfishóps
 - e) Veiðiréttindi Mosfells í Grímsnesi
 - f) Ályktun stjórnar ÆSKA, ÆSKP og PA
- 3) Kirkjuþing 2020-2021
- 4) Stefnumótun hjá Þjóðkirkjunni
- 5) Önnur mál
 - a) Erindi umsækjanda
 - b) Fulltrúi kirkjuráðs í stjórn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 8:30 með ritningarlestri og bæn.

Pá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Ásdís Clausen, staðgengill fjármálastjóra og séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir liðum 2a, 2b, 2e, 3 og 4. Séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings sat fundinn undir dagskrárlið 2a og 4. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, fyrsti varaforseti kirkjuþings sátu fundinn undir lið 4. Haraldur Örn Reynisson, löggiltur endurskoðandi, sat fundinn undir lið 2c. Séra Halldór Reynisson, verkefnastjóri umhverfismála, sat fundinn undir lið 2d.

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundabúnað, Zoom.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Yfirferð á stöðu fjármála

Staðgengill fjármálastjóra ræddi um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, verkefnastöðu ýmissa mála á fjármálasviði og svaraði fyrirspurnum.

b) Erindi PÍ til kirkjuráðs og forseta kirkjuþings

Lagt fram erindi Prestafélags Íslands dags. 9. mars sl. Málið er í skoðun.

c) Kynning fulltrúa KPMG

Endurskoðandi KPMG kynnti hugmyndir sínar um aðkomu að 27. og 29. máli kirkjuþings 2019, en málin voru sameinuð í eitt. Fór hann yfir hvernig hann teldi rétt að vinna að mati á rekstri. Kirkjuráð þakkar góða kynningu.

d) Kynning á verkefnum umhverfishóps

Fulltrúar umhverfishóps kynntu fyrirbyggjandi verkefni umhverfisnefndar varðandi framgang 23. máls kirkjuþings 2020-2021, þingsályktunar um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð þakkar góða kynningu.

e) Veidiréttindi Mosfells í Grímsnesi

Lagt fram minnisblað dags. 18. mars 2021.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjórn Skálholts að annast sölu á réttindum Mosfells til veiða í Brúará.

f) Ályktun stjórnar ÆSKA ÆSKP og PA

Lögð fram ályktun stjórnar æskulýðssambands kirkjunnar á Austurlandi, dags. 18. mars sl., ályktun stjórnar Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar, mótt. 8. apríl 2021 og ályktun frá

Prestafélagi Austurlands, dags. 7. apríl 2021. Ályktanirnar ræddar og efni þeirra tekið til frekari skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar.

3. KIRKJUÞING 2020-2021

a) Mál sem afgreidd voru á kirkjuþingi 2020-2021 í mars 2021.

9. mál. Starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. (Bandormur).

Breytingin laut að hinum ýmsu nauðsynlegu breytingum á starfsreglum kirkjuþings, fyrst og fremst breytingum í kjölfar viðbótarsamnings þjóðkirkjunnar og ríkisins sem undirritaður var 6. september 2019.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 26. mars sl. og mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 14. apríl nk. Starfsreglurnar verða þá einnig uppfærðar á vefnum kirkjan.is.

15. mál. Þingsályktun um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Breytingin lýtur fyrst og fremst að því að áskilið er að verkáætlun sé ávallt í gildi um umhirðu jarða á grundvelli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en fjárfestingar þjóðkirkjunnar skuli byggja á verkáætluninni. Fasteignir skulu ekki leigðar lengur en til fimm ára í senn og þjóðkirkjan skal almennt ekki fjárfesta í uppbyggingu landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu þjóðkirkjunnar, nema við sérstakar aðstæður.

19. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.

Breyting starfsreglnanna felur fyrst og fremst í sér breytingu á nafni starfsreglnanna sem nú heita starfsreglur um ráðningu í prestsstörf og starfslok, að auki felast í reglunum breytingar á reglum um starfslok.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 26. mars sl. og mun birtast ásamt breytingu 43. máls í B-deild Stjórnartíðinda 13. apríl nk.

25. mál. Þingsályktun um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málum fólks á flóttu og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Málið felur í sér samþykkt stefnu sem biskupi er ætlað að koma í framkvæmd. Stefnan snýr meðal annars að því að Þjóðkirkjan er öllum opin, íbúum sem og þeim sem á landinu dvelja. Lögð er áhersla á hlutverk kirkjunnar sem skjólshús, þá er ekki átt við kirkjugrið heldur viðleitni til að vera virkur þátttakandi í að efla guðsríki og koma fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur. Biskup skipar sex manna starfshóp „Seekers ministry“, sem starfar sérstaklega að málefnum flóttafólks. Þá eru jafnframt tilnefndir móttökusöfnuðir til að tryggja ákveðna þjónustu.

28. mál. Tillaga til þingsályktunar um heimasíðu og aðra miðla.

Málið var dregið til baka.

34. mál. Tillaga að starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

Málið var dregið til baka.

40. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

Starfsreglurnar fela í sér að öll prestsetur lúta sömu reglum varðandi húsaleigugreiðslur óháð því svæði sem prestsetur tilheyrir.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 26. mars sl. og mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 14. apríl nk. Starfsreglurnar verða þá einnig uppfærðar á vefnum kirkjan.is.

41. mál. Þingsályktun um ársreikninga kirkjumálasjóðs og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Kirkjuþing samþykkti endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóð vegna ársins 2019 og ársreikning Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu vegna ársins 2020. Um leið var samþykkt að fjárhagsáætlun ársins 2021 skyldi endurskoðuð.

42. mál. Þingsályktun um skipun starfskostnaðarnefndar kirkjuþings vegna prests- og prófastsþjónustu.

Ályktunin felur í sér að skipuð verður þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í nefndina:

- Einar Már Sigurðarson, formaður
- Anna Guðrún Sigurvinsdóttir
- Séra Gísli Jónasson
-

43. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.

Umsækjendur um prestsstörf hafi nú val um hvort nafn sitt sem umsækjanda um tiltekið starf verði birt.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 26. mars sl. og mun birtast ásamt breytingum 19. máls í B-deild Stjórnartíðinda 13. apríl nk.

44. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

Breytingin felur í sér betri og vandaðri undirbúningi þingmála kirkjuþings. Breytingin felur í sér skýrari ákvæði um skyldur forsætisnefndar til athugunar á framkomnum þingmálum áður en þau eru tekin inn á málaskrá þingsins, s.s. hvort mál falli undir valdsvið kirkjuþings. Forsætisnefnd metur einnig hvort mál hafi verið nægilega kynnt og gætir þess að kostnaðaráætlun þingmáls sé raunhæf.

Forsætisnefnd skal birta framkomin mál í samráðsgátt en þar má jafnframt birta mál sem áformað er að leggja fram síðar. Forsætisnefnd skal setja verklagsreglur um það með hvaða hætti þingmál skuli kynnt og hvað teljist nægjanleg kynning.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 23. mars sl. og mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 9. apríl nk.

45. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020.

Málið tengist 34. máli sem varðar starfskostnað vegna prests- og prófastsþjónustu og var dregið til baka. Ályktunin felur í sér að ekki verður lengur greidd föst fjárhæð vegna reksturs síma hjá prestum heldur greiðir Biskupsstofa þann kostnað.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 23. mars sl. og birtist í B-deild 24. mars sl. Breytingarnar sjálfar taka gildi 1. maí 2021.

46. mál. Þingsályktun um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar.

Milli kirkjuráðsfunda samþykkti kirkjuráð að leggja fyrir kirkjuþing í samráði við forsætisnefnd tillögu til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing samþykkti að haldið yrði áfram með vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar sem hófst í upphafi árs og að kirkjuráð fylgi því áfram eftir.

Kirkjuráð samþykkti að fylgja málinu áfram eftir og fela stýrihópnum að halda áfram með þá vinnu sem þegar er hafin í samráði við dr. Bjarna Snæbjörn Jónsson.

47. mál. Þingsályktun um breytingu á heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Kirkjuþing samþykkti að heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar yrði breytt í Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar.

Sálgæsluhugtakið hefur víðtækari skírskotun til þjónustu en hugtakið fjölskylduþjónusta. Kirkjunni er hugtakið dýrmætt, en það fjallar um að hlúa að fólki og fjölskyldum í fjölbreyttum aðstæðum.

48. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingum.

Ályktunin felur í sér formlegar breytingar svo starfsreglurnar samrýmist þeirri nafnabreytingu sem samþykkt var í 47. máli. Jafnframt var tekið úr starfsreglunum að kirkjuráð setti forstöðumanni erindisbréf enda dugar ráðningasamningur í því samhengi.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 23. mars sl. og mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 9. apríl nk.

49. mál. Þingsályktun um innra eftirlit og áhættugreiningu.

Kirkjuráði var falið að koma á innra eftirliti og áhættugreiningu varðandi fjárfestingar, í samræmi við drög að heildstæðri eignastefnu sem kynnt var á kirkjuþingi 12. mars 2021.

b) Framhald kirkjuþings 2020-2021

Forseti kirkjuþings reifaði hvernig störfum nefnda kirkjuþings verður háttað þangað til þingið kemur saman á ný síðar á þessu ári, 2021.

Jafnframt var farið yfir óafgreidd mál sem bíða næsta þings, þau eru eftirfarandi.

4. mál. Tillaga til þingsályktunar um samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar.

13. mál. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.

17. mál. Tillaga að starfsreglum um ráðningu í prestsstörf.

22. mál. Tillaga að starfsreglum um Skálholtsstað.

Kirkjuráð mun tilkynna þeim sem í hlut eiga um framangreindar samþykktir og breytingar á starfsreglum.

4. STEFNUMÓTUN HJÁ ÞJÓÐKIRKJUNNI

Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson, sem leiðir stefnumótunarvinnu fyrir þjóðkirkjuna, kynnti næstu skref í vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð þakkaði góða kynningu.

5. ÖNNUR MÁL

a) Erindi umsækjanda

Milli funda tók kirkjuráð til afgreiðslu erindi umsækjanda frá 18. janúar 2021. Samþykkt var að erindinu yrði vísað frá kirkjuráði.

Kirkjuráð staðfestir þá samþykkt sína.

b) Fulltrúi kirkjuráðs í stjórn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands

Milli funda samþykkti kirkjuráð að sr. Elínborg Sturludóttir yrði tilnefnd á ný sem fulltrúi kirkjuráðs í stjórn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Kirkjuráð staðfestir þá samþykkt sína.

Fundi frestað kl. 11:38.

Fundi fram haldið föstudaginn 9. apríl kl. 9.30.

Fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 6. maí nk. Fundurinn verður haldinn í Skálholti ef aðstæður leyfa.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir